

verður heldur talið, að aðrar reglur íslenzks réttar útiloki hjúskaparrétt varnaraðilja yfir fé þessu. Samkvæmt því verður að fara um skipti á öllum eignum í búi þessu eftir 1. málslið 2. málsgr. 18. gr. laga nr. 20 frá 1923. Af því leiðir, að hvort hjóna um sig hlýtur við skiptin helming af samanlagðri hreinni hjúskapareign beggja hjónanna.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kvað upp úrskurðinn. Uppsögn hans hefur dregið vegna mikilla anna dómara við önnur embættisstörf.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja er ekki tekin til greina. Við skipti á búi málsaðilja, Snorra Guðlaugssonar og Brynhildar Björgvinsdóttur, skal farið með allar eignir búsins sem hjúskapareignir hjónanna, og koma þær, að skuldum frádregnum, til jafnra skipta milli þeirra.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 13. nóvember 1970.

Nr. 49/1970. **Gestur Kristjánsson og Samvinnutryggingar**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Hafsteini Sigurðssyni og gagnsök

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 3. marz 1970. Krefjast þeir þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 20.750.00 með 7% ársvöxtum frá

1. júní 1968 til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. apríl 1970. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 65.755.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Gestur Kristjánsson og Samvinnu-tryggingar, greiði gagnáfrýjanda, Hafsteini Sigurðssyni, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. janúar 1970, hefur stefnandi, Hafsteinn Sigurðsson, Bergþórugötu 14 A, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 11. marz 1969, á hendur Gestu Kristjánssyni, Forsæti II, Villingaholtshreppi, Árnassýslu, og Samvinnu-tryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, til greiðslu fébóta að upphæð kr. 65.755.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda í málinu gegn greiðslu á kr. 20.750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags. Jafnframt er gerð krafa til þess, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 9. febrúar 1968 ók stefnandi bifreið sinni, R 3065 (Jeepster, árgerð 1967), vestur Suðurlandsveg áleiðis til Reykjavíkur. Skömmu fyrir kl. 1525, er hann var staddur á móts við Jaðar, vildi svo til, að bifreiðin, sem var á

ca. 40 km hraða, snerist á veginum og stöðvaðist. Stefndi Gestur ók bifreið sinni, X 549, rétt á eftir bifreið stefnanda. Fékk hann ekki stöðvað bifreið sína og rákust bifreiðarnar saman, svo sem nánar verður lýst síðar.

Lögregluþjónar komu fljótlega á vettvang og gerðu uppdrátt af afstöðu bifreiðanna á veginum eftir áreksturinn. Í skýrslu þeirra er atburðum lýst þannig, að báðum bifreiðunum hafi verið ekið vestur Suðurlandsveg og hafi R 3065 verið á undan. Á móts við Jaðar hafi áreksturinn orðið, en þar sé lítils háttar hliðarhalli á veginum. Bifreiðin R 3065 hafi verið með snjókeðjur á afturhjóllum, en X 549 keðjulaus og með nokkuð slitna afturhjólarða.

Skemmdir á R 3065 hafi verið þessar: Hægra frambretti mikið dældað, enn fremur felga hægra framhjóls, framhöggevri, vélarhúslok, hægra afturhorn og afturhöggevri.

Ökumaður R 3065 skýrði svo frá, að hann hefði ekið á ca. 40 km hraða. Vissi hann þá ekki fyrr til en bifreiðin snerist og stöðvaðist þvert á veginum. Ekki kvaðst hann vita neina aðra ástæðu til þess, að bifreiðin snerist, en þá, að allmikil hálka hafi verið á veginum og einnig hliðarhalli til suðurs.

Hann kvaðst hafa vitað af bifreiðinni, sem ekið var á eftir honum, en ekki getað aðhafzt neitt og engum togum hafi skipt, að hægra framhorn X 549 rakst á hægra frambretti bifreiðar sinnar. Við áreksturinn snerist bifreiðin og lenti þá hægra afturhorn hennar á vinstri hliðarhurð X 549.

Ökumaður R 3065 mætti þann 13. febrúar sama ár hjá rannsóknarlögreglunni. Hann staðfesti þar skýrslu þá, er hann hafði áður gefið. Honum var sýndur uppdrátturinn af vettvangi og taldi hann réttan í meginatriðum, en gat þess, að bifreið sín muni hafa skemmt meira við áreksturinn en talað sé um í skýrslunni.

Ökumaður bifreiðarinnar X 549 skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði ekið á eftir R 3065 með sama hraða. Vissi hann þá ekki fyrr til en bifreiðin á undan snerist á veginum og stöðvaðist þversum. Hann kveðst hafa hemlað og beygt frá til þess að reyna að forðast árekstur, en sökum þess, hve stutt var á milli bifreiðanna, hálka á akbrautinni og atvikið skeði skyndilega, tókst honum ekki að forðast árekstur.

Þann 7. marz mætti ökumaðurinn hjá lögreglunni í Árnesýslu. Taldi hann vettvangsuppdráttinn réttan og kvað rétt frá atvikum skýrt í fyrri skýrslu sinni hjá lögreglunni í Reykjavík,

en bætti við, að þegar hann kom á hæðarbrúnina, sem er þar, sem beygjan er sýnd á uppdrættinum, hafi hann séð bifreiðina R 3065, en augnabliki síðar snerist bifreiðin og skrensaði til á veginum og snerist alveg þversum. Hann hafi þá reynt að draga úr hraða bifreiðar sinnar og hemlað, en það hafi ekki nægt til að forðast árekstur sökum hálfu þarna í brekkunni, en hún hafi aukizt, eftir því sem neðar kom.

Ökumaðurinn gat þess, að engin teljandi hálfka hafi verið á leiðinni að austan, fyrr en komið var á stað þann, sem áreksturinn varð. Hann hafi tekið snjókeðjur af bifreið sinni austur í Ölfusi, þar sem hann veitti því athygli, að bifreiðar, sem hann mætti, voru yfirleitt keðjulausar.

Þar sem áreksturinn varð, var þjóðvegurinn malborinn, en háll af ísi. Dagsbirta var og veður bjart. Engir sjónarvottar voru að atburði þessum.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Gestur eigi alla sök á árekstrinum. Stefnandi hafi ekið á 40 km hraða, sem verði að teljast hóflegur aksturshraði. Bifreið hans hafi verið með snjókeðjur á afturhjólum og í fullkomnu lagi. Ástæðan fyrir því, að bifreiðin snerist á veginum, hafi eingöngu verið hliðarhalli og hálfka. Slík óhöpp geti alltaf komið fyrir, þótt fyllsta aðgæzla sé viðhöfð, og beri þeim, sem á eftir ekur, að haga akstri sínum með það fyrir augum. Afstöðuteikning og vettvangsrannsókn styrki þessa skoðun sína.

Stefndu rökstyðja kröfur sínar þannig, að einsætt sé, að báðir ökumennirnir hafi átt sök á því, hvernig fór. Stefnandi hafi misst vald yfir bifreið sinni mjög óvænt og án þess að nokkur aðdragandi væri að því. Afleiðingin hafi orðið sú, að bifreið hans hafi snúizt alveg þversum á veginum og orðið alger farartálmi á vegi bifreiðarinnar, sem á eftir fór. Stefnandi Gestur hafi sízt af öllu átt von á því, að svo hrapallega tækist til um stjórn bifreiðar stefnanda.

Það sé frumskylda hvers bifreiðarstjóra að haga akstri sínum þannig, að hann hafi fullt vald yfir ökutækni sínu og verði eigi farartálmi í vegi annarrar umferðar. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, hafi reyndin orðið sú, að stefnanda brast ekki aðeins fulla stjórn á bifreið sinni, heldur hafði hann alls enga stjórn á henni. Ekki fari á milli mála, að þessi áfallaakstur eigi rætur að rekja til ógætni og fyrirhyggjuleysis stefnanda. Jafnvel þótt þetta hefði gerzt honum algerlega að ósjálfráðu, komist hann ekki undan því að bera allan halla af þeirri áhættu, sem af þessu leiddi.

Þá sé þess að gæta, að stefndi Gestur hafi engrar aðvörunar notið frá hemlaljósum ökutækis stefnanda, heldur hafi bifreið hans orðið eins bráður og óvæntur farartálmi og hugsazt gat.

Með hliðsjón af þessu eigi stefndi Gestur ekki meiri sök á árekstrinum en að hálfu og með því sé hlutur hans gerður lakari en efni standi til.

Eins og nú hefur verið lýst, getur stefnandi ekki gert aðra grein fyrir því, að hann missti stjórn á bifreið sinni, en þá, að hliðarhalli hafi verið á veginum og hálka. Hann hefur því ekki hagað akstri sínum sem skyldi, miðað við þau akstursskilyrði, sem fyrir hendi voru.

Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga bar honum að samræma ökuhraðann staðháttum og ástandi vegarins, þannig að farartæki hans yrði ekki hættulegur farartálmi fyrir vegfarendur. Þá er ekki upplýst í málinu, hvort stefnandi ók með drif á framhjólum eða ekki, en það hefði dregið mikið úr þeirri hættu, að bifreiðin snerist á veginum. Hefði verið nauðsynlegt að athuga það, er frumrannsókn fór fram á vettvangi.

Þegar alls þessa er gætt, þykir stefnandi sjálfur eiga nokkra sök á því, hvernig fór.

Hins vegar hefur stefndi Gestur sýnt af sér óvarkární með því að aka bifreið sinni án snjókeðja, sérstaklega þegar þess er gætt, að afturhjólbarðar voru nokkuð slitnir og veittu því minni mótstöðu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Þá hefur hann ekki gætt sem skyldi ákvæða 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga og 2. mgr. 49. gr. sömu laga. Þykir hann því eiga meginsök á árekstrinum.

Þegar öll málsatvik eru saman tekin, svo sem þeim er lýst í skjölum málsins og komu fram við munnlegan málflutning, þykir stefnandi eiga að bera sjálfur $\frac{1}{2}$ hluta tjóns síns, en dæma ber stefndu til þess að bæta honum fébótum $\frac{4}{5}$ hluta þess.

Skulu nú kröfur stefnanda teknar til meðferðar.

Um 1. Samkvæmt framlögðum reikningi á dskj. nr. 3 nam viðgerðarkostnaður bifreiðarinnar R 3065 kr. 35.155.00. Aðiljar hafa einkum deilt um, hvort þörf hafi verið að setja nýja vélarhlíf (húdd) í stað þeirrar gömlu, en reikningur hans er miðaður við nýja vélarhlíf. Að álití hins sérfróða dómara hefði auðveldlega mátt með réttíngu gera vélarhlífina jafngóða og hún var fyrir óhappið. Hefði það orðið kostnaðarminna. Að álití dómsins á stefnandi einungis rétt til þess að fá bættan þann kostnað,

sem samfara var því að fá vélarhlífina jafngóða og hún var fyrir áreksturinn.

Eftir hinum framlögðu reikningum verður ekki með fullkominni vissu séð, hve hárrí fjárupphæð mismunurinn á nýrri og viðgerðri vélarhlíf nam. En eftir því, sem hinn sérfróði dómari bezt fær séð, nemur sá mismunur sem næst kr. 3.200.00, og ber að lækka þennan kröfulið sem því nemur.

Samkvæmt þessu verður að telja tjón það, sem á bifreiðinni varð, fullbætt með kr. 31.955.00.

Um 2. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, og þá sérstaklega ljósmyndum þeim, sem fyrir liggja, virðist ljóst að álitni hins sérfróða dómara, að auðvelt hefði verið að rétta hægra frambretti þannig, að bifreiðin yrði ökuhæf. Slík bráðabirgðaviðgerð hefði orðið tiltölulega kostnaðarlítill.

Þegar hafðar eru í huga skemmdir þær, sem á bifreiðinni urðu, og með hliðsjón af framlögðum reikningum, þykir viðgerðartími bifreiðarinnar hæfilega metinn 33 dagar. Fallast má á, að stefnanda beri kr. 300.00 á dag í bætur fyrir afnotamissi. Samkvæmt þessu er tjón stefnanda fyrir afnotamissi bifreiðarinnar hæfilega metið á kr. 9.900.00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefndu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 31.955.00 + 9.900.00 að frádregnum $\frac{1}{5}$ hluta, eða kr. 33.484.00. Stefndu hafa krafizt með vísan til 177. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað. Eftir atvikum þykir þessi krafa stefndu ekki á rökum reist og verður því ekki tekin til greina. Samkvæmt framangreindum málalokum ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda í málskostnað kr. 7.500.00.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari, Gunnlaugur Briem lögfræðingur og Bent Jørgensen bifvélavirkjameistari.

Dómsorð:

Stefndu, Gestur Kristjánsson og Samvinnuþryggingar g/t, greiði in solidum stefnanda, Hafsteini Sigurðssyni, kr. 33.484.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.